



Hjartað, kjarni mennsku og menntunar?

Jón Ásgeir Kalmansson

► Abstract ► Um höfundinn ► About the author ► Heimildir

Í greininni er sjónum beint að heimspekilegri orðræðu um hjartað og grafist fyrir um merkingu og mikilvægi þessa hugtaks í siðfræðilegu samhengi. Fyrst er rætt um hjartað í ljósi hefðarinnar og upprunalegs skilnings á heimspeki sem viskuást. Þá eru tengsl hjartans við eigingildi skoðuð, það er hjartað er sett í samhengi við skilning á gildi hlutanna í sjálfu sér. Því næst er athyglinni beint að sambandi hjartans og mannlegs særanleika og berskjöldunar. Gerð er grein fyrir þeirri hugmynd að hjartað, í mynd líkamlegs, félagslegs og andlegs særanleika, sé kjarni mennskunnar og hins mannlega eiginleika að vera opinn fyrir veröldinni. Hjartað er þá jafnframt skilið sem aðsetur þess hæfileika mannsálarinnar að geta orðið fyrir sterkum áhrifum eða djúpt snortin af því sem hún kemst í snertingu við. Að því loknu verður varpað nokkru ljósi á hjartað sem skynjun eða innsæi, og sú þýðing hugtaksins tengd sérstaklega við hugtök á borð við ímyndunarafl og ást. Þá er vikið að tengslum hugtaksins við frumspekilegan skilning fólks á eðli veruleikans og þeirri hugmynd varpað fram að hjartað feli í sér þann skilning að veruleikinn sé leyndardómur. Loks verður spurt hvaða þýðingu það hefur fyrir hugmyndir okkar um siðferðilegan skilning og siðferðilega menntun ef hjartað er tekið alvarlega.

Efnisorð: Hjartað, berskjöldun, ímyndunaraflið, leyndardómur, menntun.

Inngangur: Hvað merkir hjartað?

Á undanförunum árum og áratugum hefur mikið verið ritað og rætt frá sjónarhóli ýmissa vísindagreina og fræðasviða um eðli tilfinninga og þátt þeirra í vitundar- og félagslífi mannfólksins (Scarantino og de Sousa, 2018). Þetta á ekki síst við í heimspeki, en líflegar siðfræðilegar umræður hafa meðal annars verið meðal heimspeklinga um tengsl tilfinninga við dygðir og farsælt líf (Kristján Kristjánsson, 2018). Í þessum nútíma umræðum um tilfinningar skýtur af og til upp kollinum gamalt hugtak sem getur virst stinga nokkuð í stúf, líkt og forngripur í móðernísku húsi. Það er hugtakið *hjarta*. Orðið sjálf virðist bera með sér vissan andblæ, jafnvel einhvers konar ljóðrænu, sem greinir það frá „tæknilegri“ orðum sem fræðimenn keppast við að skilgreina og ræða í þeirri viðleitni sinni að reyna að skilja tilfinningalíf manneskjunnar. Það gæti því hvarflað að athugulum lesanda að spyrja: Hvað er átt við þegar talað er um hjartað? Ekki einberan vöðvann sem dælir blóði um líkamann, heldur það hjarta sem bregður ekki aðeins fyrir í fræðiritum heldur kemur gjarnan við sögu í trúarritum og bókmenntaverkum, og jafnframt má finna mörg dæmi um í daglegu máli.

Markmið þessarar greinar er að rannsaka nokkrar eigindir hjartans, ef svo má að orði komast, og kanna um leið hvort þessi gamla orðanotkun eigi enn eitthvert erindi í siðfræðilega orðræðu nútímans. Hér er um heimspekilega rannsókn að ræða sem þýðir meðal annars að einkum er leitað í hugmyndasmiðju heimspeklinga er láta sig hjartað varða eða varpa með einhverju

móti ljósi á merkingu hugtaksins. Sökum þess hve viðamikilið viðfangsefnið er verður í raun aðeins fjallað um fáeina þætti þess, sem ætlað er að sýna fram á mikilvægi þess og hvers vegna það verðskuldar meiri athygli en það hlýtur oftast nær í heimspekilegri og annarri fræðilegri umræðu. Fyrst verður stuttlega vikið að þætti hjartans í sögu heimspekinnar. Þá verður fjallað um hjartað sem þá tegund skilningsgáfu sem gerir okkur kleift að bera skynbragð á eigið gildi hlutanna. Þessu næst verður rætt um þá hugmynd að hjartað sé kjarni mennskunnar vegna þess að það sé samtvinnað mannlegri berskjöldun og særanleika, og um leið hæfileikanum til að verða fyrir djúpum áhrifum af veruleikanum. Í framhaldinu er rætt um hjartað sem ímyndunarafl, það er sem mátt til að sjá það sem er, og um tengsl hjartans við þann skilning að veruleikinn sé leyndardómur. Að lokum verður reynt að draga saman fáein atriði sem sýna hvers vegna það er mikilvægt að gæta að hjartanu sérstaklega, og hverju það breytir fyrir hugmyndir okkar um mennsku okkar og siðferðilega menntun að taka hugtakið alvarlega.

Á hjartað heima í heimspekilegri umræðu?

Ef til vill er rétt að hefja þessa umfjöllun á því að rekja tvenns konar mótbárur við því að ræða yfirhöfuð um hjartað í fræðilegu samhengi. Einhverjir kynnu að halda því fram að tal um „hjartað“ sé úrelt orðanotkun, leifar frá liðinni tíð þegar fólk tengdi sálargáfur við tiltekin líffæri, og hjartað nánar til tekið við tilfinningarnar og tilfinningalífið. Á tímum upplýstra vísinda og fræða sé betra að sleppa orðalagi af þessu tagi og ræða þess í stað einfaldlega um tilfinningar. Aðrir gætu bent á að hjartað hafi aldrei verið fyrirferðarmikið umfjöllunarefni í heimspeki eða öðrum greinum. Fá ef nokkur höfuðrit heimspekisögunnar fjalli um hjartað, hvað þá að þau séu helguð því. Heimspekingar hafi lengst af fremur einbeitt sér að hugtökum á borð við „hugsun“, „skynsemi“, „vilji“, „löngun“ og „kenndir“ og svo framvegis. „Hjartað“ tilheyri ekki hugtakaheimi heimspekinnar eða annarra fræðigreina – nema vitaskuld þegar sjálfur hjartavöðvinn á í hlut.

Það er vissulega rétt að orðræða um hjartað er sprottin úr menningu og heimsmynd löngu liðinna alda, eins og glögggt má merkja af fornum trúarritum og bókmenntaverkum. Í Biblíunni er hjartans til dæmis margoft getið og sýnir það ágæta rit raunar vel hve saga og merking orðsins er margslungin. Þar er hjartað meðal annars tengt *skilningi* og *visku*, eins og má merkja af níutugasta Davíðssálmi: „Kenn oss að telja daga vora, að vér megum öðlast viturt hjarta.“ Þá tengist hjartað sjón og skynjun, eins og þegar Páll postuli biður Guð að „upplýsa sjón hjartans“ (Efesusbréfið 1:18) eða þegar hann harmar „skynlaust hjarta“ mannanna (Rómverjabréfið 1:21). Hjartað er þar líka nokkuð sem getur ýmist verið *hart* eða *mjúkt*: við getum haft hjarta úr steini eða hjarta úr holdi (Esekíel 36:27), allt eftir því hvort við erum skynug eða skynlaus á aðrar manneskjur og á guddóminn. Jafnframt getur hjarta manna í Biblíunni verið snortið með ýmsum hætti, jafnvel svo mjög að það brennur (Lúkasarguðspjall 24:32). Og svona mætti lengi áfram telja. Orð eru á hinn bóginn ekki sjálfkrafa úrelt þótt þau séu gömul. Eins og ég mun reyna að sýna hér á eftir hefur orðið hjarta sérstaka merkingu sem við höfum enn ríka þörf fyrir að vísa til þegar við reynum að koma hugsunum okkar um veruleikann og okkar eigin reynslu í orð. Sú staðreynd að hjartað er lifandi orð í umræðu fólks á ýmsum sviðum mannlífsins er raunar góð vísending um að það svari djúpri mannlegri þörf. Fólk þarf á því að halda að ræða um það sem er því hjartfólgið og höfða til eigin hjarta og annarra í orðum og gerðum.

Í fljótu bragði virðist hjartað hljóta litla athygli í höfuðritum vestrænnar heimspeki. Þar er þó ekki allt sem sýnist. Í því sambandi má benda á tvö lykilverk í sögu heimspekinnar, Játningar heilags Ágústínusar og Hugsanir Pascals. Í fyrra verkinu (Ágústínus, 2006) er hjartað og samband þess við guddóminn meginþema og hið síðara geymir meðal annars hina kunnunni umræðu Pascals í þá veru að hjartað eigi sér rök sem rökhusunin þekki ekki (Pascal, 1968, bls. 154). Bæði þessi verk, og sú umfjöllun sem þar er að finna um hjartað, hafa haft mótandi áhrif á hugmyndasöguna fram á þennan dag. Enn fremur má færa fyrir því rök að þótt sjálfst orðið hjarta hafi ekki verið notað mikið af heimspekingum gegnum tíðina þá séu ýmsir af þeim eiginleikum hjartans sem gerðir eru að umræðuefni í þessari grein nátengdir sögu og uppruna heimspekinnar. Að þessu

sinni verður að nægja að nefna eitt atriði þessu til stuðnings. Eins og ég mun víkja betur að á eftir er einn þeirra eiginleika sem tengjast hjartanu sá hæfileiki hinnar hugsandi, vitandi veru að geta orðið *snortin* eða *gagnteki*n af veruleikanum. Þessi eiginleiki gegnir jafnframt stóru hlutverki í sögu heimspekinnar. Sem dæmi um þetta má nefna eftirfarandi klausu úr *Um feðurðina* eftir Plótínos, þar sem heimspekingurinn lýsir því þegar sálin rekst á sanna og undursamlega feðurð:

En þeir hljóta að vera til sem sjá þessa feðurð með því sem sálin sér þvílíka hluti, og við að sjá hana gleðjast þeir og eru snortnir og eru langtum meira gagnateknir en af þeirri feðurð sem við ræddum fyrr ... Öll feðurð hlýtur að vekja með manni þessar geðshræringar: undrun og ljúft felmtur, löngun, ástríðu og unaðsfullt uppnám (Platon, 1999, bls. 159).

Hér má með góðum rökum halda því fram að umræðuefni heimspekingsins sé, auk feðurðarinnar, hjartað, það er máttur mannsálarinnar til að nema, taka á móti og verða fyrir djúpum áhrifum af hinu fagra – jafnvel þótt orðið sjálft beri ekki á góma. Okkur er mögulegt að nema hið fagra og finna til geðshræringar gagnvart því vegna þess að við erum gædd hjarta sem getur orðið djúpt snortið og gagntekið, fullt löngunar, felmturs, ástríðu og uppnáms í snertingu sinni við raunveruleika hins fagra. Hjartað hefur hér ekki einungis merkinguna „huglæg kennd“ sem þarf ekki að vera í neinum tengslum við ytri raunveruleika. Hjartað er þvert á móti orð yfir kjarna þess í mannsálinni sem Dietrich von Hildebrand kallar í bók sinni um hjartað svið geðhrifanna (e. the affective sphere), og gerir okkur kleift að bregðast við og „hrærast með“ hinum ytri veruleika (von Hildebrand, 2007).

Í þessum skilningi er hjartað ekki skýrt aðgreint frá sálargáfum á borð við sjón eða skynsemi, sem báðar gera okkur kleift að komast í snertingu við heiminn, hvor með sínum hætti. Hjartað er fremur einhvers konar *kjarni* skynjunar og skynsemi. Í þessari grein er það að minnsta kosti notað yfir þann hluta okkar sem kemur okkur í *nánustu* og *dýpstu* tengslin við nokkuð sem er til utan okkar sjálfra. Ég er því ekki fyllilega sammála Robert E. Wood, sem segir að það sé hjartað, ekki skynsemin eða rökhugsunin, sem sé uppspretta heimspekinnar (Wood, 2015, bls. 13). Það þarf ekki að tefla ólíkum sálargáfum á móti hjartanu, þær eru í raun ólíkar birtingarmyndir þess dýrmæta eiginleika manneskjunnar að geta verið opin fyrir veruleikanum. Það er á hinn bóginn ekki síður mikilvægt að átta sig á að ábending Roberts Wood er í aðalatriðum rétt: Hjartað er hjarta heimspekinnar, ef svo má að orði komast. Heimspeki er þrátt fyrir allt viskuást – þrá mannhjartans eftir visku; eftir því að komast í tæri við og verða gagntekið af því sem er fagurt, satt og gott. Vel má vera að heimspekingum nútímans finnist mörgum heppilegra að tengja heimspeki við skynsamlega rökræðu eða greiningu, hlutlæga gagnrýni eða afbyggingu og svo framvegis. Heimspekingar munu á hinn bóginn alltaf sitja uppi með það að nafn þeirra eigin iðju – filósófa – er til merkis um það að heimspeki er í grunninn knúin áfram af hjartanu; af ást, vináttu og þrá eftir snertingu við það sem er „raunverulega raunverulegt“, svo notað sé orðalag frá Iris Murdoch (Murdoch, 1997, bls. 454). Við höfum þá jafnframt eina góða vísbendingu um það hvers við færum á mis ef við hefðum ekki hjarta, eða ef við afneitum því. Án mannhjartans er engin viskuást – engin eiginleg heimspeki – og að líkindum enginn skáldskapur og engin trú heldur. Hvað sem því líður er óhætt að segja að hjartað fari með stærra hlutverk í eðli og sögu heimspekinnar en yfirborðsleg skoðun gæti fengið okkur til að ætla.

Hjartað sem næmi á óviðjafnanlegt gildi

Sé hjartað forsenda þess að veruleikinn geti snortið okkur og gagntekið þá þýðir það um leið að hjartað er forsenda þess að við getum fyllilega metið gildi hlutanna. Í bók sinni um hjartað orðar von Hildebrand þetta svo: „Fúsleikinn til að leyfa okkur að „vera hrærd“ er órjúfanlega tengdur þroskuðu og djúpu skynbragði á viss gildi. Á því leikur enginn vafi að sú næmni og hreinskilni hjartans sem er forsenda þess að „vera hrærdur“ er líka ómissandi fyrir þroskað og djúpt skynbragð á siðferðileg gildi“ (2007, bls. 10). Það sem von Hildebrand á við með „siðferðileg gildi“ í þessu samhengi er gildi hlutarins sem slíks, það sem hefur verið íslenskað sem *eigingildi* (Mikael M. Karlsson, 1994). Hjartað gerir okkur kleift að nema og bregðast við því sjálfstæða gildi sem

hlutirnir hafa. Þegar það þjónar sínu hlutverki „þá er það innra mikilvægi þess sem er gott sem eitt vekur viðbrögð okkar og áhuga; við opnum okkur fyrir gildinu, fyrir því sem er mikilvægt í sjálfu sér“ (von Hildebrand, 2007, bls. 37).

Sé það rétt að svo náin tengsl séu milli hins „snortna hjarta“ og næmninnar á sjálfstætt gildi hlutanna er ekki að undra þótt fólk reyni að marka tali sínu um slík gildi sérstöðu. Við tölum á annan hátt um það sem er okkur hjartfólgið en um aðra hluti. Við reynum þá ef til vill að sýna fram á mikilvægi þess sem stendur hjarta okkur nærri með því að segja að það hafi einstakt og óviðjafnanlegt gildi. Ágætt dæmi um þetta er að finna í riti Immanuel Kant, *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*, þegar Kant markar siðalögmálinu sérstöðu með ýmsu móti, meðal annars með því að tala um „skilyrðislaust og óviðjafnanlegt gildi“ þess og um óviðjafnanlega göfgi skynsemisvera sem setja sér slíkt lögmál (Kant, 2003, bls. 434, 436. Í niðurlagi *Gagnrýni verkegrar skynsemi* segir Kant enn fremur, eins og frægt er orðið, að stirndur himinninn yfir höfði okkar og siðalögmálið í brjósti okkar sé það tvennt sem fylli hugann af sínýrri og vaxandi aðdáun og óttablandinni lotningu því meira sem við íhugum það (Kant, 1999, bls. 269). Við þurfum ekki að gleypa siðfræðikenningu Kants með húð og hári til að geta skilið hvað hann er að fara. Við þurfum einungis að lifa í tengslum við nokkuð sem við skynjum í hjarta okkar að hefur einstakt mikilvægi. Vafalaust eru það oftast aðrar manneskjur sem við unnum eða tengjumst vináttuböndum. Það er, hið óviðjafnanlega birtist okkur oftast í mynd annarra persóna. Hið einstaka og óviðjafnanlega birtist okkur þó einnig í ýmsum öðrum myndum. Í greininni „It All Turns on Affection“ ræðir Wendell Berry til dæmis um það hvernig ástúð og umhyggja fólks fyrir tilteknum *stað* getur fengið það til að vilja varðveita hann, tilheyra honum og dvelja á honum. Samkvæmt Berry sjáum við þá staðinn í ímyndunarafla okkar „uppljómaðan af sínum eigin einstaka karakter og af ást okkar á honum“ (Berry, 2012). Við sjáum staðinn þá sem óviðjafnanlega dýrmæta eða heilaga jörð. Listir geta líka opnað augu okkar fyrir því sem hefur sjálfstætt og einstakt gildi. Athyglisvert dæmi um það hvernig tónlistin, og fegurðin sem hún birtir, getur orkað á ungan huga er að finna í sjálfsævisögu Tryggva Jónssonar frá Húsafelli, *Árblik og aftanskin*, frá árinu 1946. Tryggvi segir frá því þegar hann er sendur barnungur að næsta bæ, Kalmanstungu, og lýsir komu sinni þangað meðal annars svo:

Þegar ég átti skammt ófarið heim að bænum heyrði ég einhvern undarlegan hljóm, – og varð mér hálf-bilt við. Hvað gat þetta verið? Ég varð hálfsmeykur, – stóð þarna lengi hlustandi, og var bæði hræddur og hrifinn. Að lokum þagnaði þessi hljómur, og þá áráddi ég að halda áfram, heim. Þegar heim kom á hlaðið, þá stóð Ólafur þar. Ég mun hafa heilsað honum, en var mikið niðri fyrir. Og svo styn ég upp einhverri tilraun til að skýra frá þessum undarlegu hljómmum, sem ég skildi ekkert í, en höfðu fengið svo mjög á mig og gjört mig svona undarlega hræddan og hrifinn. – Ólafur hló dátt, tók fast í öxlina á mér, hristi mig og sneri mér í hring og mælti: „Mikill dæmalaus auli ert þú nú, Tryggvi minn. Auðvitað var þetta ég – og var að spila á harmoníku.“ – „Harmoníku? Hvað er það?“ spurði ég. – „Það skal ég nú sýna þér, karl minn, – og komdu nú inn!“ Við göngum inn, og hann kemur með þetta dularfulla galdratæki. Svo fer hann að spila, – en ég sit hljóður og hugfanginn. Ó, – hvað það var dásamlegt. Ég horfði á með undrun og aðdáun, hvernig hann teygði þetta söngtöl sundur og saman (Tryggvi Jónsson, 1946, bls. 24–25).

Orð þessa fátæka íslenska alþýðumanns lýsa því einkar vel hvernig mannhjartað, sá eiginleiki að geta numið, hrifist og kennt í brjósti, lýkst fyrirvaralaust upp og opinberar ómælda fegurð í heiminum. Raunar er merkilega margt skylt með þessari lýsingu á upplifun sveitapilts í Borgarfirði á seinni hluta 19. aldar af því að heyra leikið á harmóníku í fyrsta sinn og heimspekilegri útlekkingu hins nýplátónska Plótínosar á 3. öld á þeirri reynslu að nema sanna fegurð. Hjartað birtist hér sem sú tegund mannelegrar skilningsgáfu sem gerir okkur kleift að nema í undrun og ótta fegurðarvidd veruleikans. Það er með öðrum orðum ekki hjartað sem eignar heiminum fegurðina – fegurðin býr ekki bara í auga sjáandans – heldur gerir það okkur fært að nema hana í heiminum. Þetta þýðir meðal annars, eins og ég mun víkja betur að á eftir, að hjartanu fylgir heil heimsmynd, ef svo má að orði komast.

Hjartað og sáranleikinn

Þegar hjartað er tekið alvarlega sem heimspekilegt og siðfræðilegt hugtak fylgir því ekki einvörðungu sérstök heimsmynd heldur einnig sérstakur mannskilningur. Heimspekingar hafa frá fyrstu tíð lagt áherslu á skynsemiseðli manneskjunnar og frelsi, eins og Immanuel Kant er gott dæmi um. Að ná þroska sem skynsamleg vera er að ráða lífi sínu sjálfur, vera sjálfstæður, vera ekki á valdi duttlungafullra tilfinninga, almenningsálits, illa ígrundaðra skoðana og svo framvegis. Slíkur mannskilningur er óneitanlega aðlaðandi. Hver vill ekki, ef hann íhugar ráð sitt, hafa stjórn á lífi sínu fremur en lúta duttlungum annarra eða vera á valdi annarlegra sjónarmiða og afla? Hver vill ekki vera sjálfstæður? Það er erfitt að sjá að nokkur geti vísitandi viljað vera ósjálfráða og ósjálfstæður. Heimspekingar hafa að vísu löngum verið meðvitaðir um að við mannfólkið erum hellisbúar – svo vísað sé til frægrar goðsagnar Platons í Ríkinu – sem í raun kjósa iðulega að lifa í myrkrinu fremur en vísitandi og upplýstu lífi. Heimspekingarnir hafa á hinn bóginn alltaf getað vísað til þess að þroskaðar manneskjur leitast við að lifa sjálfstæðu og sjálfráða lífi í samræmi við skynsemiseðli sitt.

Nú vaknar á hinn bóginn sú spurning hvað verði um þessi gildi ef komist er að þeirri niðurstöðu að kjarni mennskunnar sé fólgin í hjartanu? Hvað ef eftirfarandi lýsing Jeromes A. Miller á manneðlinu er rétt?:

Af cor, latneska orðinu yfir „hjarta“ er dregið „kjarni“ (e. „core“). Eins og orðið er notað í andlegum hreyfingum um allan heim merkir „hjarta“ ekki eitt líffæri eða andlegan eiginleika. Það tákna ekki tilfinningarnar til aðgreiningar frá „höfðinu“ eða skynseminni. Það tákna sjálfan kjarna veru okkar – kjarnann sem allir hæfileikar okkar, þar með talið vitsmunirnir og skynsemin, tilheyra. Við erum eitt allsherjar hjarta vegna þess að öll vera okkar eins og hún leggur sig er bundin og undir áhrifum af sáranleikanum sem er kjarni okkar (Miller, 2014, bls. 56).

Miller segir hér að hjartað sé kjarni mennsku okkar og að það sé sérstaklega fólgið í sáranleika okkar og berskjöldun. Hvað gæti réttlætt slíkan mannskilning og hvað verður um mikilvægar hugsjónir á borð við skynsemi, sjálfræði og sjálfstæði ef við tökum hann trúanlegan? Það er í sjálfu sér auðvelt að sjá hvaða sjónarmið liggja að baki þeim mannskilningi sem Miller teflir hér fram. Í stuttu máli er að minnsta kosti þrennt sem getur legið til grundvallar slíkri sýn á mennsku okkar. Í fyrsta lagi er það býsna mikilvæg staðreynd um okkur að við erum líkamlegar verur og sem slík lifum við í tíma. Lífverur eru dæmdar til að heyja lífsbaráttu og það felur meðal annars í sér að þær eru í sífelldum opnum og gagnvirkum tengslum við umhverfi sitt, og eru sífellt útsettar fyrir áföllum, árásum, sjúkdómum og sárum. Með núturlegu orðalagi má segja að lífsbarátta lífvera sé í því fólgin að slá því á frest að vera étnar. Tíminn tryggir að sú barátta hlýtur alltaf að enda á einn veg. Allt sem fæðist líður fyrir eða síðar undir lok. Í þeim skilningi er sáranleikinn kjarni okkar sem líkamlegra vera. Í öðru lagi erum við félagslegar, stjórnmálalegar og siðferðilegar verur. Velgengni okkar og velferð, og raunar sjálf merking lífs okkar, er að verulegu leyti bundin því samfélagi og menningu sem við tilheyrum. Gengi okkar í mannlegu samfélagi er á hinn bóginn alltaf háð óvissu. Margt getur farið úrskeiðis í samskiptum okkar. Við erum ófullkomin og breysk og þurfum í sífellu á athygli, ástúð og fyrirgefningu annarra að halda. Félagslegar aðstæður okkar taka sífelldum breytingum og geta skyndilega orðið okkur óhagstæðar, við getum glatað heilsu eða vinnu, misst nána ættingja eða vini og svo framvegis. Sáranleiki er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að við erum samfélagslegar verur. Í þriðja lagi erum við vitandi verur. Það þýðir meðal annars að við erum ekki bara sáranleg heldur einnig vitandi um sáranleikann, ekki aðeins dæmd til að deyja heldur meðvituð um dauðleika okkar. Að vera líkamleg vitandi vera þýðir ekki bara að við getum áttað okkur á ýmsum staðreyndum og fundið á þeim skýringar sem gera okkur kleift að ná valdi yfir þeim, svo dæmi sé tekið. Vit-und okkar um veruleikann er í mikilvægum skilningi einmitt það – und eða sár. Það sem við vitum getur haft varanleg áhrif á okkur, snortið okkur djúpt, haft ríka þýðingu fyrir okkur. Dauði ástvarnar, mikilfengleiki jökuls, hryllingur helfararinnar, fegurð tónlistarinnar, bö

eiturlyfjaheimsins, góðvild nágrannans, tign og harðneskja náttúrunnar – það eru engin takmörk fyrir því hvað getur snert við okkar, og það með svo áhrifamiklum hætti að við verðum ekki alltaf söm á eftir. Þetta er allt, hvað með sínum hætti, áföll eða „tráma“ sem eru eðlilegir en oft harla þungbærir fylgifiskar þess að vera líkamlegar, vitandi verur af því tagi sem við erum. Þessi særanleiki sem fólgin er í vitundinni sjálfri er forsenda þess að hægt er að segja að mannskepan sé *merkingarvera* – vera sem heyr lífsbaráttu sem miðar ekki bara að því að lifa af, heldur ekki síður að því að lifa góðu og merkingarríku lífi. Ef hjartað er kjarni mennskunnar þá er það vegna þess að mikilvægasta staðreyndin um okkur er sú að við erum ávallt opin og berskjölduð, altekin og undirlögð, af veruleika sem við höfum þrátt fyrir allt litla stjórn á og er að flestu leyti ofvaxinn skilningi okkar. Það eitt að veruleikinn er *annar*-legur, ekki í merkingunni geigvænlegur, heldur einfaldlega í þeirri merkingu að hann er ekki endilega eins og við viljum hafa hann, hann hefur sjálfstæða tilvist og fer sínar eigin leiðir, gerir okkur opin og varnarlaus.

Hvaða áhrif hefur þessi mannskilningur á von okkar um að geta lifað frjálsum og sjálfstæðu lífi? Hjartað eins og því er hér lýst virðist vera bæði veikt og ósjálfbjarga. Er þetta ekki mannskilningur sem upphefur þá mynd af manneskjunni að hún sé óvirkur þolandi í tilverunni en gerir lítið úr getu hennar til að taka frjálssar ákvarðanir og velja sína eigin leið í lífinu? Ef hjartað ræður för, er þá ekki eins og allt annað en við sjálf ráði? Eigum við þá bara að setta okkur við að vera á valdi annarlegs veruleika sem stendur á sama um frelsi okkar og hamingju og leikur sér að viðkvæmni okkar og áhrifagirni?

Við þurfum sem betur fer ekki að svara slíkum spurningum játandi. Ef hjartað er kjarni mennskunnar þá minnir það okkur vissulega á að í bakgrunni tilveru okkar er sú staðreynd að við erum þolandi og líðandi verur. Lífið er að stórum hluta það sem hendir okkur, drífur á daga okkar. Fæðing, vöxtur og þroski, ást og dauði eru atburðir eða atburðarásir sem við göngum í gegnum. Það þýðir á hinn bóginn ekki að við séum eingöngu óvirkir þolendur. Að viðurkenna hjartað og þar með særanleikann sem kjarna mannlegs lífs krefst þess ekki að maður afneiti frjálsum vilja. Það þýðir aðeins að við áttum okkur á því hver upphafsstaða okkar sem frjálssra gerenda er, ef svo má að orði komast. Frelsi okkar er ekki fólgið í algerlega sjálfsprottnum mætti sem ekkert hefur með berskjaldað hjarta okkar að gera. Þvert á móti er frelsið háð þeirri næmni á veröldina sem berskjöldun okkar gerir mögulega. Til að skýra þetta nánar er aftur gagnlegt að vitna til umræðu Jeromes Miller. Hann bendir á að upprunaleg merking sagnarinnar að þjáast (e. to suffer) hafi ekki eingöngu verið að þola (e. to undergo) heldur einnig að *leyfa* (e. to allow). Hið sama gildi um orðið ástríða (e. passion). Ástríður á borð við ást, undrun og lotningu eru „óvirkar“ í þeim skilningi að það er eitthvað utan okkar sem vekur þær, þær eru eitthvað sem „stríðir á okkur“, og við getum því ekki kallað þær fram þegar okkur hentar.¹ Þar með er þó ekki öll sagan sögð:

Við erum virk í óvirkni okkar að svo miklu leyti sem við látum okkur verða fyrir áhrifum: við opnum okkur fyrir, tökum að gefa okkur að, því sem hreyfir við okkur ... Að breyta af heilum hug er að helga sig algerlega því sem maður ann, að gefa sig að því án fyrirvara, tregðu, heftingar. Innblásinn fiðluleikari gefur sig tónlistinni algerlega á vald og dregur ekkert af sér; ákafur göngumaður tekur hömlulausan eldmóð barnsins með sér í gönguna. Þótt það sé áhrifamáttur tónlistarinnar og uppljómuð dýrd fjallastígsins í morgunskímunni sem blæs okkur í brjóst fúsleika til að helga þeim krafta okkar þá veltur allt á vilja okkar til að gefa okkur þeim. Þetta er hin furðulega þversögn: Ástríðufullt líf felur í sér að við játumst því sem hrærir okkur í okkar dýpsta særanleika (Miller, 2014, bls. 57).

Með þessari hugmynd um það í hverju frjálss virkni okkar er fólgin er ekki reynt að sneiða hjá eða breiða yfir særanleika okkar heldur er þvert á móti lítið á hann sem órjúfanlegan hluta, og

¹ Colin Wilson (2009) er dæmi um höfund sem setur fyrirvara við fullyrðingu af þessu tagi. Að hans dómi getum við þjálfað okkur í að sjá heiminn með ferskum augum undrunar og lotningar.

raunar sem meginforsendu, frelsisins.² Án hjartans gætum við ekki verið frjáls því án þess myndi ekkert hreyfa við okkur eða „stríða á okkur“ og við gætum því ekki helgað líf okkar einu umfram annað eða svarað einni köllun og látið annað liggja milli hluta. Því fer á hinn bóginn fjarri að hjartað sé þar með óskeikult eða það gefi okkur alltaf skýr svör um það hvað sé rétt að gera. Eins og við erum margoft minnt á í hinni helgu bók þá getur hjartað verið bæði spillt og illt. Reynslan sýnir að við heillumst auðveldlega af vafasömum hlutum eða verðum hugfangin af röngum málstað. Slíkur skeikulleiki er raunar þáttur í berskjöldun okkar. Eitt meginviðfangsefni ólíkra menningarsamfélaga, segir Wendell Berry (2012), hefur af þessum sökum frá upphafi verið að tempra hjartað og leiðbeina því svo við lærum að unna því sem vert er; hinu sanna, réttláta og fagra. Við þurfum með öðrum orðum á að halda allri þeirri hjálp sem við getum fengið til að tempra hjarta okkar og beina ástríðum þess í réttar áttir; við þurfum til dæmis lærdóm fyrri kynslóða og reynslu og skynsemi þeirra sem eldri eru. Það dugar þó ekki til nema við getum um leið stuðst við vискuna sem leynist í okkar eigin hjarta.

Ég hef hér tengt hjartað við þann skilning að kjarni manneskjunnar sé fölginn í særanleika hennar sem líkamlegrar, félagslegrar og vitandi veru; við „sérstakan skilning á hinu mennska dýri sem getur hlotið sár og verið ásótt af því sem er“ – svo notuð séu orð Stephen Mulhall í bók hans *The wounded animal* (2009, bls. 73). Hjartað hefur því bæði líkamlegri og heildrænni skírskotun, ef svo má segja, en annars góð og gild hugtök á borð við skynsemi eða hugsun. Í því að vísa til hjartans í máli sínu felst meðal annars að draga sérstaklega fram þá staðreynd að við erum ekki bara hugsandi verur heldur líkamlegar hugsandi verur, eining líkama, sálar og hugsunar. Það vísar til þess að kynni manneskjunnar af veruleikanum geta svo gagntekið líkama og sál, orðið svo nákominn hluti af holdi hennar og blóði, að sjálf vera hennar titri eins og slaghörpustrengur eða henni blæði eins og úr opinni und. Skilningur manns í slíkum tilfellum er beinlínis líkamlegur eða „holdgaður“ (Coetzee, 1999). Um leið er hjartað ekki með sama hætti og skynsemishugtakið tengt þeirri hugmynd að við eigum ávallt að reyna að vera við stjórnvölinn, það er að hefja okkur yfir eða ná *stjórn* á særanleika okkar. Skynsemi, sjálfræði og sjálfsstjórn eru allt mikilvæg gildi en ofuráhersla á þau getur fengið okkur til að bæla þann frumþátt mennskunnar sem gerir okkur í sífelli opin og móttækileg fyrir því sem er annað en við sjálf og við höfum ekki stjórn á.

Hjartað og ímyndunaraflið

Eins og áður var minnst á tengist hjartað frá fornu fari bæði visku og skynjun. Í fornri semískri menningu Miðausturlanda var til dæmis ekki titið á hjartað fyrst og fremst sem aðsetur tilfinninga eða kennda heldur sem skynfæri (O'Connor, 2015, bls. 162). Hjartað er þá einhvers konar innra auga eða eyra – innsæi – sem við þurfum á að halda til að átta okkur og kunna að meta hlutina að verðleikum. Af því fjölmarga sem vert væri að segja um þetta staldra ég við eitt atriði; þátt ímyndunaraflsins í þessari innri skynjun hjartans.

Wendell Berry og Iris Murdoch eru meðal þeirra heimspekinga sem leggja sérstaka áherslu á ímyndunaraflið sem eins konar innra skynfæri. Berry segir að ímyndunaraflið sé hæfileiki okkar til að „sjá í ítrasta skýrleika, kunnugleika og skilningi með augunum, en einnig að sjá hið innra, með „auga hugans“. Það er að sjá ekki sem óvirkur áhorfandi heldur með mætti opinberunarinnar“ (Berry, 2012). Að dómi Murdoch, á hinn bóginn, erum við mannfólkið að verulegu leyti blind á veröldina, og það sem blindar okkur er einkum sjálfið með allri sinni þráhyggju, kvíða, öfund, gremju og ótta. Hvert og eitt okkar hneigist til að búa sér til lítinn persónulegan heim sjálfsins sem einangrar okkur frá umheiminum (Murdoch, 1997, bls. 14). Við lifum að stórum hluta í heimi draumóra (e. fantasy). Það sem getur á hinn bóginn, að minnsta kosti stöku sinnum, opnað þennan draumóraheim upp á gátt og komið okkur í snertingu við raunveruleikann er ímyndunaraflið: „Ímyndunaraflið, gagnstætt við draumórana, er hæfileikinn til að sjá það sem er annað en maður sjálfur“ (Murdoch, 1997, bls. 255). Það er hæfileiki okkar til að veita heiminum og því sem í honum er raunverulega athygli.

² Það þarf ef til vill ekki að benda á að þessi hugsjón um hið ástríðufulla líf getur vakið tortryggni þeirra sem leggja þunga áherslu á sjálfræði. Immanuel Kant er hér aftur ágæt viðmiðun. Írski heimspekingurinn William Desmond minnst á það í einni bóka sinna að Kant hafi á sínum tíma búið í nágrænni við fangelsi þar sem fangarnir voru látnir syngja sálma, hinum mikla hugsuði til sárrar skapraunar. Þessi reynsla hafi gert Kant svo tortrygginn gagnvart mætti tónlistarinnar til að snerta okkur gegn vilja okkar að hann hafi í riti sínu *Gagnrýni dómgreindarinnar* lagst gegn „söng andlegra sálma“ á þeim forsendum að slíkur söngur neyði nágrannana annaðhvort til að syngja með eða láta af hugleiðingum sínum (Desmond, 2008, bls. 96n).

Mér virðist eðlilegt að tengja þá sjóngefni ímyndunaraflsins sem Berry og Murdoch ræða um þeirri ævagömlu hugmynd að hjartað sé einhvers konar (innri) skynjun. Það sem rennir stöðum undir slíka tengingu er til dæmis að ímyndunaraflið er, samkvæmt Murdoch, náskyld ástinni. Hún segir meðal annars að ástin sé viðurkenning þrúngin ímyndunarafli (e. imaginative recognition) á tilvist eða „annar-leika“ annars fólks: „Ást er skynjun á einstaklingum. Ást er sú gríðarlega erfiða viðurkenning að eitthvað annað en maður sjálfur er raunverulegt. Ást, og þar með listir og siðferði, er uppgötvun veruleikans“ (Murdoch, 1997, bls. 215). Sú „skynjun“ eða „sjón“ sem Murdoch hefur í huga þegar hún ræðir um ímyndunaraflið og ástina er því að ýmsu leyti sérstök. Nefna má þrennt í þessu sambandi. Í fyrsta lagi gerir ímyndunaraflið með einhverjum hætti sýnilegt það sem er þegar sýnilegt og fyrir framan nefið á okkur alla daga, án þess að við berum fyllilega kennsl á það – annað fólk, náttúruna, heiminn. Ímyndunaraflið felur þess vegna í sér einhvers konar vakningu, eins og við séum að sjá eitthvað í fyrsta sinn, rétt eins og heimurinn sé skyndilega orðinn nýr og hafi öðlast endurnýjað aðráttarafl. Í öðru lagi er slík skynjun ekki siðferðilega hlutlaus. Hún felur þvert á móti í sér *siðferðilegan skilning* á gildi þess sem við skynjum. Við sjáum sjálfstæða tilvist annarra í ljósi „hins góða“, eins og Murdoch talar gjarnan um. Í þriðja lagi er skynjun ímyndunaraflsins nátengd sérstökum skilningi á heiminum. Ímyndunaraflið gefur okkur með öðrum orðum sérstaka sýn á heiminn, það opnar augu okkar fyrir annarri *afstöðu til veruleikans í heild* en við erum vön. Í þessum anda segir Murdoch í greininni „Sýn og val í siðferði“ að ágreiningur fólks í siðferðilegum efnum spretti ekki aðeins af því að það velur ólíka hluti í saman heiminum heldur af því að það *sér ólíka heima* (Murdoch, 1997, bls. 82). Heimurinn sem við sjáum með ímyndunaraflinu er annar en heimurinn sem við sjáum í draumórakennndri vökuvitund okkar. Afstaða okkar til þess hvaða heimi við tilheyrum er í grundvallaratriðum önnur.

Til að útskýra þetta síðasta atriði aðeins nánar má ef til vill nota dæmi sem ættað er úr smiðju G. K. Chesterton, en þar reynir hann að koma orðum að grundvallarlífssýn sinni:

Að baki öllu lífi okkar er ómæli ljóss sem er skærara og ómælanlegra en nokkurt hyldýpi myrkurs; og það er ómæli raunveruleikans, tilvistarinnar, þeirrar staðreyndar að hlutirnir eru í raun og sannleika, og að við sjálf erum ótrúlega og stundum nánast óskiljanlega raunveruleg. Þetta er grunnstaðreynd verunnar, öndvert því sem ekki er; veran er óhugsandi og samt getum við ekki afhugað hana, þótt við séum oft hugsunarlaus um hana; laus við hugsun og sérstaklega laus við þakkir. Því sá sem hefur borið kennsl á þennan veruleika veit að hann vegur bókstaflega óendanlega miklu þyngra en öll minni háttar eftirsjá eða rök fyrir aðfinnslum, og að undir öllu okkar nöldri býr ómeðvituð uppspretta þakklætis (Chesterton, 1931, bls. 36).

Það er augljóst að Chesterton er hér að lýsa afstöðu til veruleikans í heild; hann er að tala um sérstaka sýn á raunveruleikann, tilvistina, þá staðreynd að eitthvað er til yfirhöfuð. Um leið er hann að lýsa því hvað það þýðir að *bera kennsl á* eða *sjá* þennan veruleika. Að sjá veruleikann er að hans dómi andstæða þess að vera hugsunarlaus um hann, taka honum sem sjálfögðum hlut, eða öllu heldur að sjá hann sem nánast óskiljanlegt undur; sem gjöf fremur en eitthvað gefið. Eins og Murdoch telur Chesterton að slík sýn á heiminn komi sjaldnast af sjálfu sér, að minnsta kosti ekki hjá fullorðnu fólki, og að hún krefjist ögunar og ástundunar af vissu tagi. Hún er undir því komin að við getum virkjað hjartað í formi ímyndunaraflsins, því það er ímyndunaraflið sem getur dregið fram og gert lifandi fyrir okkur þann bakgrunn mannlífsins sem flestir ganga einfaldlega að sem gefnum, án þess að gefa því nokkurn gaum, sem er tilvistin sjálf. Um leið er það hjartað sem gerir okkur kleift að verða snortin af þessari almennustu „eigind“ alls með þeim hætti að við finnum til *þakklætis* andspænis henni. Chesterton heldur því fram að það form sem hugsunin tekur á sig andspænis tilvistinni sé þakklæti. Þótt Chesterton og Martin Heidegger séu býsna ólíkir hugsuðir þá mætist hugsun þeirra hvað þetta varðar. Heidegger ræðir þann möguleika í *Was Heisst Denken?* að hugsunin sé náskyld þakklætinu. Hann gerir sér í því sambandi mat úr orðsifjalegum skyldleika sagnanna að þenkja og þakka (þ. denken, danken; e. think, thank). Heidegger spyr meðal annars hvort hugsun sé þakargjörð: „Væri þá æðsta

þakklætið hugsun? Og dýpsta vanþakklætið hugsunarleysi? ... Hreint þakklæti er fremur það að við einfaldlega hugsum – hugsum það sem er raunverulega og algerlega gefið, það sem kallar á hugsun“ (Heidegger, 1968, bls. 143).

Hér gefst ekki færi á að ræða nánar um tengsl hugsunar um tilvistina og þakklætis. Mér virðast orð Chestertons á hinn bóginn vera gott dæmi um það hvernig hjartað, í mynd ímyndunarafslins, getur opnað augu okkar og sýn, ekki aðeins á einstök fyrirbæri eða ferla náttúrunnar heldur á veruleikann í heild sinni, þá makalaus staðreynd að það er eitthvað til yfirleitt og að við erum „ótrúlega og stundum nánast óskiljanlega raunveruleg“. Í næsta kafla skoðum við þá veruleikasýn sem hér um ræðir ofurlítið nánar.

Hjartað og leyndardómurinn

Það sem áður var sagt um tengsl hjartans við sýn á og afstöðu til veruleikans í heild leiðir að atriði sem einhverjir myndu vafalaust draga í efa að tengist umfjöllunarefni okkar yfir höfuð, þótt mér virðist öll umræða um hjartað þurfa að taka það með í reikninginn: *Fyrir hjartanu er veruleikinn leyndardómur*. Nú gætu margir sagt að þeir hafi ekki hugmynd um hvað þetta þýðir nema hvað það geti varla verið neitt gott. Við erum öll börn Upplýsingarinnar og okkur er þess vegna í blóð borið að tortryggja allt tal um leyndardóma, dularfull og yfirnáttúruleg fyrirbæri, drauga, kraftaverk og svo framvegis. Samt er það svo að ef við skoðum nánar hvað það þýðir að hafa hjarta og hugsa með hjartanu þá komumst við fljótlega að þeirri niðurstöðu að heimurinn sem við tilheyrum sé leyndardómur, í þeim skilningi að hann er þrunginn meiri veruleika, gildi og merkingu en við getum með góðu móti áttað okkur á. Þetta þýðir að hjartanu fylgir viss frumspeki, það er afstaða til veruleikans sem ekki er endilega sú sem við sem búum á Vesturlöndum snemma á tuttugustu og fyrstu öld höfum vanist, eða orðið samdauna eins og fiskar vatni.³

Til að glöggva sig á hvað það þýðir að líta á heiminn sem leyndardóm má byrja á að skoða snöggvast hvað það þýðir að gera það ekki, úr því að margt bendir til að sú afstaða sé víðast hvar sjálfgefin nú á dögum. Mikið hefur verið ritað um það hvernig veruleikasýn vestræns nútímafólks einkennist af *afhelgun* (Taylor, 2007). Afhelgun getur þýtt margt en í grófum dráttum er hún tengd við hugmyndastrauma sem ná undirtökum á vesturlöndum á nýöld. Einn þeirra sem hvað oftast er nefndur í tengslum við þessa hugmyndastrauma er franskur heimspekingurinn René Descartes. Í ritum Descartes birtist náttúran í grunninn sem vél sem hægt er að skilja með táknmáli stærðfræðinnar og hið efnislega er fyrst og fremst skilið sem mælanlegt rúmtak (Descartes 1998, 2001).⁴ Slíkar hugmyndir eiga þátt í að greiða veg þeirri afstöðu sem hefur smám saman orðið ráðandi að náttúran hafi enga merkingu eða gildi sem slík. Öll merking komi einungis frá hinni hugsandi veru, við ljáum náttúrunni merkingu og gildi í huga okkar. Afhelgun merkir að svona þekkjum við nútímafólk heiminn upp til hópa, að minnsta kosti þegar við erum í hlutverkum okkar sem stjórnmalafólk, athafnaskáld, vísindamenn, tækniratar, fjármagnseigendur, neytendur og svo framvegis. Við hneigjumst til að tengja þekkingu á heiminum fyrst og fremst við hið stærðfræðilega og mælanlega en merkingu og gildi við okkar eigin huga.

Sumir hafa orðað þessa afstöðu til náttúrunnar á þá leið að hún geri ráð fyrir að heimurinn og allt sem í honum er sé „gildislaust þarna“ (Desmond, 2008). Lífsviðhorf af þessu tagi vekur ýmsar áhugaverðar spurningar sem vert væri að ræða. Gengur það upp sem sjálfri sér samkvæm lífsafstaða? Hvernig er hægt að meta hvort það er sannleikanum samkvæmt? Er þetta farsæll grunnur fyrir það siðferði sem mannkynið þarf að temja sér gagnvart náttúrunni til framtíðar? Hér verður þó aðeins bent á að afstaða af þessu tagi samræmist illa rökvisi hjartans. Við höfum séð að hjartað er sá kjarni mennskunnar sem er opinn fyrir eigingildi fyrirbæranna, því sjálfstæða mikilvægi sem hlutirnir hafa. Það er aðsetur þess hæfileika okkar að geta verið í sneringu við og snortin af því sem er annað en við sjálf. Við getum sagt að hjartað geri okkur á-stríðufull, það er það gerir okkur fær um að hræstast og hrífast þegar veruleikinn stríðir á okkur. Það gerir okkur þess vegna líka mögulegt að fyllast raunverulegum á-huga, það er að sýna fyrirbærum þessa

³ James R. Peters (2009) fjallar um tengsl skynsemi og hjarta við ólíkar frumspekilegar hugmyndir í *The Logic of the Heart; Augustine, Pascal and the Rationality of Faith*.

⁴ Sjá gagnrýni Páls Skúlasonar (2014) á heimsmýnd Descartes í „Hugleiðingar við Öskju“.

heims og annars djúpa og undrunarfulla athygli. Það er á hinn bóginn erfitt að sjá hvernig hægt er að hafa sannan áhuga á „gildislausu þarna“. Eini „áhuginn“ sem slíkt fyrirbæri virðist geta vakið beinist að mögulegu *notagildi* þess fyrir verur eins og okkur. Það er erfitt að verjast þeirri hugsun að slík afhelgun heimsins sé til merkis um „rýrnun“ hjartans og um leið mennskunnar (von Hildebrand, 2012, bls. 55). Slík rýrnun hjartans skerðir ekki aðeins möguleika okkar til að lifa góðu lífi í samfélagi við aðra menn heldur kemur einnig í veg fyrir að við metum fyrirbæri náttúrunnar að verðleikum. Í vistkreppu nútímans er ástæða til að ætla að við þurfum sem aldrei fyrr á því að halda að geta orðið snortin af veruleika okkar, veitt fyrirbærunum og eigingildi þeirra hugulsama og undrunarfulla athygli – og kunnað um leið að njóta þeirra sem slíkra. Við þurfum þá að reyna að temja okkur þá afstöðu að hvert einasta fyrirbæri sé ekki bara brot af óendanlegri mergð hlutanna heldur eins og heill heimur út af fyrir sig og verðskuldi sem slíkt fulla aðgát okkar og lotningu.

Að segja að veruleikinn sé leyndardómur er að viðurkenna að hann er flóknari og margslungnari en hægt er að skilja með góðu móti, það er að kannast við að bókstaflega allt er þrungid dýpri merkingu og gildi en við getum áttað okkur gjörlla á. Heimurinn er ekki bara þarna kaldur og hlutlaus í rúmtaki sínu og stærðfræðilegum eigindum – sem raunvísindin munu smám saman ná að skýra til fulls. Líf okkar er ekki bara merkingarlaus þróunarfræðileg hending, þótt hendingar séu vissulega sláandi þáttur í lífi okkar allra. Að þekkja náttúruna í raun og veru er með öðrum orðum að þekkja hana ekki bara sem keðju orsaka og afleiðinga eða merkingarsnautt hráefni. Það er miklu fremur að þekkja hana sem leyndardóm sem er gegnsýrður af og ofinn saman úr merkingu og gildum hins sanna, *fagra* og *góða*; þess sem heimspekingar fornaldar og miðalda litu gjarnan á sem *innstu þætti veruleikans*, það sem á enskri tungu er kallað *the transcendentals* (Schmitz, 2007). Frá þessum sjónarhóli er náttúran völdug voð þar sem orka, frumefni, efnasambönd, lífverur og vistkerfi eru ofin saman í eina órofa heild meðan frumþræðirnir, veran, sannleikurinn, fegurðin og gæskan, halda henni saman. Ég veit að slíkt orðalag kemur mörgum spáskt fyrir sjónir nú á dögum, en það er þó að minnsta kosti viðleitni til að koma í orð því grundvallarinnisæi hjarta okkar að heimurinn og verurnar sem þar er af finna eru meira undur en orð fá með góðu móti fangað.

Hjartað, mennskan og siðferðileg menntun

Að lokum er vert að varpa fram þeirri spurningu hvaða þýðingu það hjartahugtak sem hér hefur verið til umræðu hefur fyrir hugmyndir okkar um menntun, einkum siðferðilega menntun; menntun sem varðar með einhverjum hætti spurninguna „hvernig lífi er best að lifa?“ Hafa þarf í huga þegar þessi spurning er borin upp að tæpast er um neitt mótað fræðilegt viðfangsefni að ræða, hvað þá fræðasvið, sem fjallar um „menntun hjartans“. Kristján Kristjánsson (2018, bls. 184) bendir raunar á það í nýlegri bók sinni að hið sama gildi um viðfangsefnið „menntun tilfinninganna“ – fræðileg skrif um það viðfangsefni séu samtíningslegur bútasamur sem sárlega þarfnist nánari rannsóknna, greiningar og yfirvegunar. Þeim þremur atriðum sem hér verða nefnd er því fyrst og fremst ætlað að vekja hugboð um það hvaða þýðingu mann- og veruleikaskilningur hjartans gæti haft fyrir hugmyndir okkar um siðferðilega menntun. Þessi atriði tengjast öll þeirri grundvallarhugmynd að siðferðileg menntun varði með einhverjum hætti það viðvarandi verkefni að vekja og þroska skilning hjartans andspænis verum og gildum þessa heims. Hún sé viðleitni til að komast til fullrar vitundar um þá berskjölduðu mennsku sem við öll deilum og vinna um leið gegn þeirri mjög svo mannlegu tilhneigingu okkar að þykjast vera eitthvað annað og meira en takmarkaðar og særanlegar manneskjur.

Siðferðileg menntun er þá í fyrsta lagi ferli sem miðar að viðurkenningu á og sátt við mannlegar takmarkanir og særanleika í ólíkum myndum. Með nokkrum rétti mætti kannski segja að flestar ef ekki allar greinar mannlegra fræða, og listir og trúarbrögð einnig, stuðli með einhverjum hætti að siðferðilegri menntun í þessum skilningi. Þeim er með ýmsum hætti ætlað að nálgast og miðla með öguðum aðferðum einhverjum sannindum eða sjálfstæðum veruleika. Ég vek þó sérstaka

athygli á heimspekinni og aðferðum hennar í þessu sambandi því hún er sú vídd mannlegrar tilveru þar sem viðurkenning mannlegra takmarkana og særanleika verður hvað mest knýjandi. Þetta birtist hvað skýrast hjá heimspekingnum Sókratesi sem, eins og Marina Berzins McCoy bendir á í bók sinni um dygð særanleikans, er sífellt að hvetja til sérstakrar aðgátar gagnvart „takmörkum eigin mennsku“, og brýna menn til að bregðast við þeim af ábyrgð (2013, bls. 136). Sókrates er meðal annars kunnur fyrir að hafa haldið því fram að þeir sem iðki heimspeki með réttum hætti temji sér það eitt að deyja og vera dauðir (Platon, 1996, bls. 109), og fyrir að hafa sagt að hann hefði komist til þeirrar viðurkenningar að þekking sín væri einskis virði (Platon, 1996, bls. 40). Hvort tveggja ber glöggt vitni vitund um eigin takmarkanir, og um takmarkanir mennskunnar yfirleitt. Það er fátt jafn auðmýkjandi og að standa frammi fyrir dauða sínum eða viðurkenna stórkostlega vanþekkingu sína frammi fyrir öðrum, það er að játa að maður hafi engin almennileg tök hvorki á lífinu né sannleikanum. Fáir eiga auðvelt með að horfast í augu og bregðast með uppbyggilegum hætti við slíkum staðreyndum um sjálfa sig. Að ástunda heimspeki er viðleitni til að hrökkva ekki undan þeim heldur gera þær að grunnþætti hinnar heimspekilegu leitar. Ef það að spyrja heimspekilegrar spurningar felur í raun í sér meðvitund um að maður sé gjörsamlega villtur, eins og Jerome Miller bendir á (1992, bls. 3), þá varðar það líka sjálfan kjarna þeirrar heimspekihefðar sem rakin er til Sókratesar að viðurkenna að maður hefur tapað áttum og veit ekki hvert á að halda (Lear, 2001). Það er að viðurkenna að maður sé í sárri þörf fyrir góða leiðbeinendur og samræðufélaga sem geta hjálpað manni að bera kennsl á takmarkanir sínar og leita um leið að því sem hefur raunverulegt gildi.

Heimspekin er vitaskuld aðeins ein þeirra leiða sem hægt er að feta í átt að viðurkenningu á mannlegum takmörkunum og særanleika. Þess má geta í þessu sambandi að bandaríski félagsráðgjafinn Brene Brown hefur fjallað á athyglisverðan hátt um mikilvægi þess að þora að gera það sem gerir mann berskjaldaðan og hafa dug til að varpa fyrir róða lönguninni til að vera alltaf með allt á hreinu, hafa stjórn á öllum hlutum (Brown, 2012). Hún hefur líka fjallað um margt í okkur sjálfum og menningu okkar sem stuðlar að hinu gagnstæða með því til dæmis að læða því í sífellu að fólki að það að berskjalda sig sé það versta sem maður gerir. Þetta eru þættir eins og fullkonnunarárátta, ofuráhersla á samkeppni og árangur, ótti við álit annarra, ótti við að verða að athlægi, skömm og svo framvegis. Siðferðileg menntun sem miðaði fyrst og fremst að sátt okkar við mennskuna myndi hjálpa okkur að viðurkenna slíka hegðun og átta okkur á því hve ógagnleg hún er sem viðbrögð við eðlilegum takmörkunum mannlegs lífs. Í þessu sambandi er vert að nefna eina tegund af andlegri vinnu með öðru fólki sem hefur það beinlínis að markmiði að hjálpa okkur að viðurkenna eigin vanmátt, en það er starf í anda tólf sporanna.

Í öðru lagi snýst siðferðileg menntun til sáttar við mennskuna um þá grundvallarviðurkenningu að við erum ekki miðja alheimsins, að aðrir eru alveg jafn raunverulegir og við sjálf og að við erum öll hluti af heild og samfélagi. Iris Murdoch orðar þessa hugsun svo að dygðin sé í því fölginn að skilja að aðrir eru til (1997, bls. 284). Þetta hljómar undarlega sem lýsing á dygð ef maður gefur sér að slíkur skilningur sé öllum í blóð borinn eða komi af sjálfu sér. Er dygð ekki nokkuð sem krefst uppeldis, aga og ræktunar? Raunin er á hinn bóginn sú að það er fátt sem veitist okkur eins erfitt og að skilja til hlítar að líf annarra, gleði og sorgir, ást, sársauki og missir, er alveg jafn raunverulegt og kallar á alveg jafn mikla umhyggju og athygli og okkar eigið líf. Við höfum alls konar leiðir til að telja sjálfum okkur trú um að líf annarra vegi með einhverjum hætti ekki eins þungt og okkar eigið (Gaita, 2002). Sönn menntun miðar að því að hjálpa manneskjunni að finna þann kyrra og hljóðláta stað innra með sjálfri sér þar sem hún getur hlýtt með óskiptri athygli á sjálfstæða tilvist annarra, ef svo má að orði komast. Siðferðileg menntun hlýtur með öðrum orðum að þurfa að fela í sér hugleiðandi þátt, það er viðleitni til að þroska skyn, skilning og yfirvegun gagnvart þeim leyndardómi sem tilvist annarra er. Í þessu sambandi er vert að benda á skrif bandaríska heimspekingsins Coru Diamond (1991), en hún hefur bent sérstaklega á það hvernig undrunarfullur skilningur á mannlegu lífi sem sameiginlegu og leyndardómsfullu ferðalagi frá vöggu til grafar getur mótað hugsanir fólks, orð og gerðir og dýpkað samstöðu þess, samúð og mildi.

Í beinu framhaldi af þessu myndi menntun hjartans, menntun til upprifjunar mennskunnar, í þriðja lagi minna okkur á tilvist þess sem er æðra okkar eigin stundlegu löngunum, vilja og hagsmunum, þess sem kallar á virðingu okkar og lotningu vegna þess að það er meira, fegurra og dýrmætara en við fáum með góðu móti skilið (Woodruff, 2001). Þetta æðra getur verið af ýmsu tagi: Fyrir læknakandídatinum getur það verið sjúklingurinn eða sjálf læknislistin, fyrir kennaranum nemandinn og þroski hans, fyrir stjórnáamanninum almenningur og hugsjónin um réttlátara og frjálsara samfélag og svo framvegis. Samkvæmt þessari sýn er sambandið við hið æðra – einhvern grundvallarveruleika, gildi eða hugsjón – aflvaki allrar siðferðilegrar menntunar, og við ættum ekki að vera feimin við að viðurkenna að svo sé. Sönn menntun felur með öðrum orðum ævinlega í sér viðurkenningu okkar á og berskjöldun okkur gagnvart æðri mælikvörðum; sérhver hugsjón er eins og sjálfstæður dómari sem dæmir líf okkar og verk. Fátt gerir okkur berskjaldaðri og um leið mennskari en að lifa í tengslum við slíka mælikvarða.

Sjálfur álit ég að mikilvægi hins æðra í mannlegu lífi geri það að verkum að siðferðileg menntun sé á endanum nátengd því að rækta sambandið við hið guðlega. Mér er nær að halda að ef guddómurinn væri ekki til þyrfti mannfólkið að finna hann upp, þótt ekki væri nema í þeim tilgangi að það geti minnt sig á mennsku sína og ræktað hana – orðið fyllilega mennskt. Að verða mennskur er að læra að opna skynfæri sín og huga – alla sálina – gagnvart því sem er *ekki* maður sjálfur, því sem maður hefur ekki skapað og er ekki á manns valdi, því sem hefur til að bera fegurð og dýrmæti hvað sem líður manns eigin hagsmunum og ráðagerðum. Við sköpuðum ekki veruleikann, við sköpuðum ekki fegurðina eða hið góða, við sköpuðum ekki einu sinni okkar eigin hæfileika. Slíka hluti er sannast og skynsamlegast að líta á sem ómetanlegar gjafir sem okkur eru færðar. Ef til vill er það besta við að vera ekki guð að þá getur maður tekið glaður og þakklátur á móti slíkum gjöfum og forðast um leið þann hvimleidda sið sumra guðanna að taka sjálfa sig of hátiðlega. Hér erum við þá í lokin komin að spurningunni um forsendur sjálfrar lífshamingju okkar mannanna og hvernig þær tengist því að líta ekki of stórt á sig, belgja sig ekki út. Eða eins og Chesterton orðar það: Englarnir geta flogið vegna þess að þeir taka sjálfa sig létt.

Niðurlag

Í þessari grein hefur verið leitast við að varpa ljósi á hjartað, hugtak sem víða bregður fyrir í máli fólks, hvort sem er í daglegu tali, bókmennum eða fræðilegri orðræðu, en fær sjaldan þá skipulegu umfjöllun sem það verðskuldar. Færð hafa verið rök fyrir því að við þurfum á hugtakinu að halda, meðal annars vegna þess að það tengist mikilvægum mann- og veruleikaskilningi sem á enn þann dag í dag brýnt erindi við fólk. Að ræða blátt áfram um „hjartað sanna og góða“, fremur en til dæmis um tilfinningar, felur samkvæmt því sem hér hefur verið haldið fram í sér þá grundvallarviðurkenningu að heimurinn og líf okkar í honum er leyndardómur. Um leið er hjartað orð sem dregur sérstaklega fram þá staðreynd að við erum líkamlegar, skynjandi, hugsandi sálir, í náinni snertingu við aðrar slíkar sálir og við veröldina í heild. Í því menningarlega andrúmslofti sundrunar sem færa má rök fyrir að sé hlutskipti okkar nú um stundir (Schindler, 2017) þurfum við á orðum og hugtökum að halda sem minna okkur á náin tengsl, ef ekki einingu, anda og efnis, sálar og líkama, skynsemi og tilfinninga. Umfram allt minnir hjartað okkur þó á að við erum fyrst og fremst hverfular, líkamlegar, vitandi verur, í senn berskjölduð fyrir sjálfstæðum veruleikanum og opin fyrir því undri sem hann er.

The Heart; the Core of Humanity and Education?

This article is an attempt to elucidate, as well as celebrate, the notion of the heart. Although poets, songwriters and others appeal to the heart all the time, philosophical treatises on the heart are rare. Yet I claim that philosophers, even those who emphasize the supreme role of reason, appeal to the heart. Indeed, the heart is at “the heart” of philosophy itself since the word literally means love of wisdom. There are, therefore, few topics that are more proper for philosophical examination, and yet also few that are more vast and elusive. I thus limit my discussion on the heart to five themes that are by no means meant to be exhaustive. Firstly, I examine what Dietrich von Hildebrand describes as an objective “value-response” of “the true affective experience”. The heart is, in other words, a faculty of appreciation which makes us sensible to objective worth. Wonder, reverence and a sense of beauty, for example, are all responses of the heart that can reveal to us some important aspect or dimension of reality. This implies, among other things, that to take the heart seriously is to take serious note of the idea that meaning and value is not only an aspect of the human mind but also a feature of reality our minds can receive. Secondly, I explore the connections between the heart and human vulnerability. Here I take my lead from the philosopher Jerome Miller who has demonstrated in his writings how the vulnerability at the core of our lives is what defines us as human beings, for better and for worse. It is our vulnerability and openness to “the other”, to people, beings and to reality as such which constantly makes us liable to be profoundly touched by things beyond our control. On the other hand, this exposure also makes us eager to gain power over our lives and the pursuit of control can easily become an obsession which makes us forget the vulnerability at the heart of life. It is in any case important for our wellbeing and the wellbeing of our society that we learn to temper our hearts and expose them to the right things and in the right measure. Thirdly, I discuss the link between the heart and the imagination. Here I draw on thinkers like Wendell Berry, G.K. Chesterton and Iris Murdoch who understand the imagination not as the source of fantasies but an ability to see things clearly and passionately. The imagination is a power of the heart to recover and enliven the knowledge we already have of the reality of others and the wonder and strangeness of being. Fourthly, I argue that talking about the heart does not make full sense unless we acknowledge reality as a mystery. By this I mean that to know things in one’s heart is to be aware of their aspects and dimensions that one can never fully comprehend – not only regarding their physical nature and interrelations to other things, but also with respect to their origin, existence, meaning, beauty, goodness, and so forth. Lastly, I consider what difference it makes for our understanding of moral education if we take these ideas about the heart seriously. I claim (a) that education would help us grow in and thorough our heart’s vulnerability. I hold (b) that education would primarily be a process whereby we learn to acknowledge truly the reality of the lives of others and the existence of things. And I maintain (c) that to acknowledge the centrality of the heart means that education has once again become a way for human beings to travel towards and live by something greater than themselves.

Key words: The Heart, Inherent Value, Vulnerability, Imagination, Mystery, Education.

Um höfundinn

Jón Ásgeir Kalmannsson (jonkalma@hi.is) er aðjúntur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

About the author

Jón Ásgeir Kalmannsson (jonkalma@hi.is) is an adjunct at the University of Iceland, School of Education.

Heimildir

- Ágústínus. (2006). *Játningar* (Sigurbjörn Einarsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Berry, W. (2012). *It all turns on affection. The Jefferson lecture and other essays*. Berkeley: Counterpoint.
- Brown, B. (2012). *Daring greatly: How the courage to be vulnerable transforms the way we live, love, parent, and lead*. Toronto: Penguin Books.
- Chesterton, G. K. (1931). *Chaucer*. London: Faber & Faber.
- Coetzee, J. M. (1999). *The lives of animals*. Princeton: Princeton University Press.
- Descartes, R. (1998). *Orðræða um aðferð* (Magnús G. Jónsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Descartes, R. (2001). *Hugleiðingar um frumspeki* (Þorsteinn Gylfason þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Desmond, W. (2008). *God and the between*. Oxford: Blackwell Publishing.
- Diamond, C. (1991). The importance of being human. Í David Cockburn (ritstjóri), *Being human*, bls. 35–62. New York: The Press Syndicate of the University of Cambridge.
- Gaita, R. (2002). *A common humanity*. London: Routledge.
- Heidegger, M. (1968). *What is called thinking?* (J. Glenn Gray þýddi). New York: Harper Colophon Books.
- Kant, I. (1999). Critique of practical reason (Mary J. Gregor þýddi). Í Mary J. Gregor (ritstjóri), *Practical philosophy*, bls. 133–270. Cambridge: Cambridge University Press.
- Kant, I. (2003). *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni* (Guðmundur Heiðar Frímansson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kristján Kristjánsson. (2018). *Virtuous emotions*. Oxford: Oxford University Press.
- Lear, L. (2001). *A case for irony*. Cambridge: Harvard University Press.
- McCoy, M. B. (2013). *Wounded heroes. Vulnerability as a virtue in ancient Greek literature and philosophy*. Oxford: Oxford University Press.
- Mikael M. Karlsson. (1994). Náttúran sem skepna. Í Róbert H. Haraldsson og Þorvarður Árnason (ritstjórar), *Náttúrusýn. Safn greina um siðfræði og náttúru*, bls. 91–101. Reykjavík: Siðfræðistofnun.
- Miller, J. A. (1992). *In the throes of wonder. Intimations of the sacred in a post-modern world*. New York: State University of New York Press.
- Miller, J. A. (2014). *Sobering wisdom: Philosophical explorations of twelve step spirituality*. Charlottesville: University of Virginia Press.
- Mulhall, S. (2009). *The wounded animal. J. M. Coetzee and the difficulty of reality in literature and philosophy*. Princeton: Princeton University Press.
- Murdoch, I. (1997). *Existentialists and mystics*. New York: Penguin Books.
- O'Connor, D. K. (2015). *Plato's bedroom. Ancient wisdom and modern love*. South Bend, Indiana: St. Augustine's Press.
- Pascal, B. (1968). *Pensées* (A. J. Krailsheimer þýddi). Baltimore: Penguin Books.
- Páll Skúlason. (2014). *Náttúrurpælingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Peters, J. R. (2009). *The logic of the heart. Augustine, Pascal, and the rationality of faith*. Grand Rapids: Baker Academic.

- Platon. 1996. *Síðustu dagar Sókratesar* (Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason þýddu). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Platon. (1999). *Samdrykkjan* (Eyjólfur Kjalar Emilsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Scarantino, A. og de Sousa, R. (2018). Emotion. Í Edward N. Zalta (ritstjóri), *The Stanford encyclopedia of philosophy*. Sótt af <https://plato.stanford.edu/archives/win2018/entries/emotion/>
- Schindler, D. C. (2017). *Freedom from reality. The diabolical character of modern liberty*. Notre Dame: University of Notre Dame Press.
- Schmitz, K. L. (2007). *The texture of being. Essays in first philosophy*. Washington: The Catholic University.
- von Hildebrand, D. (2007). *The heart: An analysis of human and divine affectivity*. South Bend: St. Augustine's Press.
- Taylor, C. (2007). *The secular age*. Cambridge: The Belknap Press of Harvard University Press.
- Tryggvi Jónsson. (1946). *Árblik og aftanskin*. Akureyri: Norðri.
- Wilson, C. (2009). *Super-consciousness. The quest for the peak experience*. London: Watkins Publishing.
- Wood, R. E. (2015). *The beautiful, the true and the good: Studies in the history of thought*. Washington, D.C.: The Catholic University Press.
- Woodruff, P. (2001). *Reverence. Renewing a forgotten virtue*. Oxford: Oxford University Press.



Jón Ásgeir Kalmannsson. (2018).

Hjartað, kjarni mennsku og menntunar?

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérriit 2018 – Menntakvika 2018. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/menntakvika_2018/01.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.25>